

FÉLAGSDÓMUR

Dómur fimmtudaginn 5. mars 2020.

Mál nr. 3/2020:

Samtök atvinnulífsins,
f.h. Samtaka verslunar og þjónustu
vegna Samtaka sjálfstæðra skóla
(Kristín Þóra Harðardóttir lögmaður)
gegn

Alþýðusambandi Íslands,
f.h. Starfsgreinasambands Íslands
vegna Eflingar-stéttarfélags
(Karl Ó. Karlsson lögmaður)

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 4. mars 2020.

Málið dæma Arnfríður Einaradóttir, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Eva Dís Pálmaðóttir og Ólafur Eiríksson.

Stefnandi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík, fyrir hönd Samtaka verslunar og þjónustu vegna Samtaka sjálfstæðra skóla.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1 í Reykjavík, fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands vegna Eflingar-stéttarfélags.

Dómkröfur stefnanda

- 1 Að boðað ótímabundið samúðarverkfall Eflingar vegna félagsmanna sem starfa hjá skólum innan Samtaka sjálfstæðra skóla og koma á til framkvæmda þann 9. mars 2020 og boðað var með bréfi 2. mars 2020 verði dæmt ólöglegt.
- 2 Stefnandi krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnda að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda

- 3 Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda.
- 4 Jafnframt krefst stefndi þess að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati Félagsdóms, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, hver sem úrslit málsins verða.

Málavextir

- 5 Í málinu liggur frammi samkomulag milli Eflingar-stéttarfélags og Samtaka sjálfstæðra skóla (SSSK) frá 26. janúar 2006 þar sem kemur fram að aðilar séu sammála um að kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar frá 4. desember 2005 með gildistöku frá 1. október 2005, gildi fyrir starfsmenn hjá SSSK með viðaukum sem settir eru fram í samkomulaginu.

- 6 Eftir þann tíma hefur SSSK, fyrir hönd skóla innan samtakanna, gefið út yfirlýsingar um kjör Eflingarstarfsmanna skólanna og hefur þar verið vísað til ofangreinds kjarasamnings að því er varðar launahækkanir og önnur tilgreind atriði. Síðasta yfirlýsing SSSK þess efnis er frá 17. desember 2015.
- 7 Óumdeilt er að frá árinu 2006 hafi kjör umræddra starfsmanna fylgt þeim kjarasamningi sem Efling-stéttarfélag hefur gert við Reykjavíkurborg og laun þeirra tekið þeim hækkunum sem samið er um fyrir félagsmenn Eflingar-stéttarfélags sem starfa hjá Reykjavíkurborg í sambærilegum störfum.
- 8 Kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar féll úr gildi vorið 2019. Ekki náðist að endurnýja kjarasamninginn fyrir upphaf sumarleyfa og var því gert samkomulag 4. júlí 2019 um „innágreiðslu vegna áætlaðra launabreytinga í tengslum við frestun á kjaraviðræðum Eflingar og Reykjavíkurborgar.“ Skyldi innágreiðslan nema 105.000 krónum.
- 9 Í kjölfarið sendi Efling-stéttarfélag eftirfarandi skeyti til stefnanda vegna félagsmanna hjá SSSK: „Á föstudaginn var gengið frá endurskoðaði viðræðuáætlun við Reykjavíkurborg sjá viðhengi. Einkareknir leikskólar hafa fylgt samningi við Reykjavíkurborg. Óskar því Efling eftir að samskonar samkomulag verði gert við Samtök sjálfstæðra skóla.“
- 10 SSSK gaf út yfirlýsingu 15. júlí 2019 um sambærilega „innágreiðslu“ aðildarfyrirtækja SSSK til félagsmanna Eflingar-stéttarfélags. Í yfirlýsingunni sagði meðal annars að greiðslan væri vegna áætlaðra launabreytinga í tengslum við frestun á kjaraviðræðum Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar, sbr. samkomulag Eflingar-stéttarfélags og samninganefndar Reykjavíkurborgar frá 4. júlí 2019. Óumdeilt er að engar frekari viðræður hafa verið milli Eflingar-stéttarfélags og SSSK.
- 11 Þann 21. febrúar síðast liðinn birtist á heimasíðu Eflingar-stéttarfélags og í fjölmiðlum frétt um að félagið hygðist hefja atkvæðagreiðslu um samúðarverkfall Eflingarstarfsfólks hjá skólum innan SSSK.
- 12 Í stefnu er vísað til þess að í kvöldfréttum í sjónvarpi RÚV 21. febrúar síðast liðinn hafi verið rætt við Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóra Eflingar-stéttarfélags, sem hafi meðal annars sagt að „kjarafyrirkomulag starfsmanna einkareknu skólanna taki mið af samningum við Reykjavíkurborg þar sem fólk er í verkfalli.“ Síðan hafi Viðar sagt: „Þá hafa bara þessir félagsmenn okkar verið að hringja hér og spyrja hvers vegna erum við ekki líka í verkfalli. Vegna þess að þeir átta sig á því að þeirra kjör munu taka mið af Reykjavíkurborgarsamningnum.... Ég tel að þær aðgerðir muni hafa mjög skörp áhrif á rekstur einkarekinna skóla og leikskóla.“
- 13 Í frétt á heimasíðu félagsins er eftirfarandi haft eftir Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar-stéttarfélags: „Eflingarfélagar sem vinna á sambærilegum kjörum og borgarstarfsmenn hafa lýst eindreginni samstöðu og stuðningi við aðgerðir okkar í

borginni. Þeir hafa margir haft samband á síðustu vikum og lýst yfir vilja til að taka þátt í aðgerðum,“ ... „[f]undir okkar með þessum hópum sýna að þar eru nákvæmlega sömu vandamál á ferðinni og hjá Reykjavíkurborg: undirmönnun, ofurálag, lítilsvirðing og vanmat störfum fólks. Sem auðvitað tengist því að þetta eru að stórum hluta kvennastéttir. Við munum að sjálfsögðu fara fram á sams konar leiðréttingu fyrir þennan hóp eins og hjá borginni.“

- 14 Þann 25. febrúar 2020 sendu Samtök atvinnulífsins Eflingu-stéttarfélagi erindi þar sem þeirri fyrirætlan stéttarfélagsins að boða til samúðarverkfalls var mótmælt og þeirri afstöðu lýst að Samtök atvinnulífsins teldu aðgerðina ólögmæta. Jafnframt var skorað á stéttarfélagið að stöðva atkvæðagreiðsluna sem að hófst sama dag, 25. febrúar kl. 12:00. Tilkynning um samúðarvinnustöðvun barst SSSK og Samtökum atvinnulífsins fyrir hádegi 2. mars 2020.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 15 Stefnandi leggur mál þetta fyrir Félagsdóm með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 16 Krafa stefnanda um viðurkenningu ólögmætis boðaðs samúðarverkfalls stefnda er reist á þeirri málsástæðu að samúðarverkfall eigi ekki að hafa áhrif á kjör þeirra starfsmanna, sem taka þátt í samúðarverkfalli, heldur sé eingöngu til stuðnings félagi í verkfalli.
- 17 Af hálfu stefnanda er bent á að ekki sé að finna í lögum sérstök ákvæði um samúðarverkföll. Með gagnályktun frá 3. tölulið 17. gr. laga nr. 80/1938 hafi hins vegar verið litið svo á, að samúðarverkfall sé heimilt til stuðnings löglega boðuðu verkfalli. Því sé stéttarfélagi heimilt að boða samúðarverkfall til að styðja annað félag sem er í lögmætu verkfalli.
- 18 Samúðarverkfall verði þó ekki löglega boðað hafi það áhrif á skipan kjaramála hjá þeim aðila sem samúðarverkfallið beinist að. Stefnandi telur þessa afstöðu hafa verið staðfesta í dómi Félagsdóms í málinu nr. 7/1997 en þar segi í forsendum: „Samúðarverkfall telst vinnustöðvun eins aðila til stuðnings kröfum annars sem á í verkfalli. Það er skilyrði samúðarverkfalls að því sé ekki ætlað að hafa áhrif á samningsbundna skipan mála milli þess aðila sem að verkfallinu stendur og hins sem það verður að þola.“
- 19 Stefnandi vísar til þess að frá árinu 2006 hafi kjör Eflingarstarfsmanna hjá einkareknum skólum innan SSSK tekið mið af kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Eflingu-stéttarfélag. Þannig hafi til að mynda verið tekið mið af starfsmati Reykjavíkurborgar við mat á þeim störfum sem um ræðir og launasetning taki mið af framangreindum kjarasamningi.
- 20 Stefndi kveður afstöðu SSSK og Eflingar-stéttarfélags hafa verið þá, að skólarnir fylgi samningi Reykjavíkurborgar að því er varðar launakjör starfsmanna. Því hafi SSSK gefið út yfirlýsingar þess efnis í hvert sinn sem nýr samningur milli stéttarfélagsins og Reykjavíkurborgar hafi verið undirritaður.

- 21 Það sé óumdeilt að félagsmenn Eflingar-stéttarfélags, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK, hafi beina hagsmuni af niðurstöðu í kjaradeilu milli stéttarfélagsins og Reykjavíkurborgar. Hlutaðeigandi starfsmenn hafi um langt skeið notið sömu launakjara og samið hafi verið um í kjarasamningum milli Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar. Með samúðarverkfalli séu starfsmenn aðildarfyrirtækja SSSK orðnir beinir þátttakendur í verkfalli með það að markmiði að bæta eigin kjör. Þetta hafi forsvarsmenn Eflingar-stéttfélags staðfest bæði í fjölmiðlum og í frétt á heimasíðu stéttarfélagsins.
- 22 Stefnandi kveður starfsmenn skóla innan SSSK, sem eru félagsmenn Eflingar, munu fá þær kjarabætur sem samið verði um fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar í sömu störfum. Með boðuðu verkfalli séu þeir að fylgja eftir eigin launakröfum, án þess að þær hafi verið hafðar uppi í formlegum kjaraviðræðum við SSSK í samræmi við lög nr. 80/1938. Með þessu sé farið á svig við lagareglur um gerð kjarasamninga og boðun verkfalla í lögum nr. 80/1938. Efling-stéttarfélag hafi engar kröfur lagt fram um kjaraviðræður vegna þessa hóps og ekki óskað eftir viðræðum við SA/SSSK um gerð kjarasamnings.
- 23 Eins og fram komi í erindi Eflingar-stéttarfélags frá 8. júlí 2019 sé afstaða félagsins skýr að því leyti að skólar innan SSSK fylgi kjarasamningi Reykjavíkurborgar við stéttarfélagið. Efling-stéttarfélag hafi ekki gert sérstakar kröfur að því er varðar launakjör félagsmanna sinna hjá einkareknum skólum heldur gengið að því sem vísu að framangreindur kjarasamningur gildi. Stefnandi bendir á að í tölvupósti 8. júlí 2019 frá Ragnari Ólasyni, sviðsstjóra kjaramála hjá Eflingu-stéttarfélagi, áréttað samkomulag Reykjavíkurborgar og Eflingar-stéttarfélags um endurskoðun á viðræðuáætlun með ósk um að sams konar samkomulag yrði gert að því er varði félagsmenn sem starfa í einkareknum skólum innan SSSK. Í kjölfarið hafi aðildarfyrirtæki SSSK gefið út yfirlýsingu um innáborgun til Eflingarstarfsmanna skólanna.
- 24 Stefnandi kveður Eflingu-stéttarfélag og SSSK því í raun þegar hafa ákveðið að fylgt verði þeim kjarasamningi stéttarfélagsins og Reykjavíkurborgar sem félagið þrýsti nú á með verkfallsaðgerðum. Yfirlýsing SSSK frá 15. júlí 2019 og samskipti aðila í tengslum við hana gangi út frá þeirri forsendu að félagsmenn Eflingar-stéttarfélags hjá SSSK muni fá sömu kjarabætur og um semjast milli stéttarfélagsins og Reykjavíkurborgar. Boðað samúðarverkfall Eflingar-stéttarfélags gagnvart SSSK sé því gert til að auka þrýsting á Reykjavíkurborg að samþykkja kröfur sem síðan hafi bein áhrif á launakjör þeirra sem eigi að taka þátt í því verkfallinu.
- 25 Um kröfu sína um málskostnað vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 26 Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að boðuð samúðarvinnustöðvun félagsmanna Eflingar-stéttarfélags, sem vinni hjá skólum sem aðild eiga að Samtökum sjálfstæðra

skóla (SSSK), sé lögmæt og fullnægi í einu og öllu ákvæðum laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

- 27 Stefndi vísar til þess að óumdeilt sé að stéttarfélögum sé heimilt að boða til samúðarvinnustöðvunar til stuðnings löglega boðuðu verkfalli. Félagsdómur hafi í úrlausnum sínum rökstutt þessa reglu með gagnályktun frá ákvæðum 3. töluliðar 17. gr. laga nr. 80/1938, þar sem mælt sé fyrir um að óheimilt sé að hefja vinnustöðvun til styrktar félagi sem hafi hafið ólögmæta vinnustöðvun. Um samúðarvinnustöðvanir sé ekki að finna frekari ákvæði í lögum.
- 28 Stefndi bendir á að það sé ekki skilyrði samúðarvinnustöðvunar að eitt stéttarfélag boði til samúðarvinnustöðvunar með öðru stéttarfélagi, heldur geti sama stéttarfélag boðað til samúðarvinnustöðvunar með annarri lögmætri vinnustöðvun sem það hefur sjálft boðað til. Þá sé það heldur ekki skilyrði samúðarvinnustöðvunar að friðarskylda ríki milli aðila, en samúðarvinnustöðvun teljist til einna af fáum lögmætum undanþágum friðarskyldu, sbr. dóm Félagsdóms í málinu nr. 6/1975.
- 29 Félagsdómur hafi í dómsúrlausnum sínum vísað til þess að samúðarvinnustöðvun megi ekki vera ætlað að hafa áhrif á samningsbundna skipan mála milli þess aðila, sem að verkfallinu standi, og hins sem það verði að þola, sbr. til að mynda dóma Félagsdóms í málunum nr. 6/1975 og 7/1997. Samúðarvinnustöðvun verði því að vera til stuðnings öðru lögmætu verkfalli.
- 30 Stefndi vísar til þess að málatilbúnaður stefnanda byggist á þeirri málsástæðu einni að hin boðaða samúðarvinnustöðvun verði að vera til stuðnings öðru lögmætu verkfalli og megi ekki vera ætlað að hafa áhrif á samningsbundna skipan mála milli þess, sem að verkfallinu stendur, og hins sem það verður að þola. Af hálfu stefnda sé þessari málsástæðu stefnanda mótmælt sem rangri, enda komi skýrt fram í tilkynningu Eflingar-stéttarfélags 2. mars síðast liðinn um samúðarvinnustöðvunina að til hennar sé boðað „til stuðnings kröfum félagsmanna Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg í þeirri kjaradeilu sem nú stefndur yfir.“ Tilvitnuð orð, sem höfð hafi verið eftir formanni og framkvæmdastjóra Eflingar-stéttarfélags, breyti engu þar um. Ummæli þeirra endurspegli einungis sögulega tengingu kjara starfsmanna aðildarfélaga SSSK innan vébanda Eflingar-stéttarfélags sem fyrirbyggjandi gögn málsins beri vott um. Markmið samúðarverkfallsins sé samstaða með þeim félagsmönnum sem eru í verkfalli og sinni ólíkum störfum innan Reykjavíkurborgar. Það sé því bæði of- og rangtúlkun þegar stefnandi fullyrði að með samúðarverkfallinu séu starfsmenn aðildarfélaga SSSK orðnir beinir þátttakendur í verkfalli með það að markmiði að bæta eigin kjör.
- 31 Sú staðreynd að gerður hafi verið sérkjarasamningur á árinu 2006 milli Eflingar-stéttarfélags og SSSK, þar sem vísað sé um önnur atriði til kjarasamnings Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar, að samkomulag hafi verið gerð í kjölfarið milli aðila, eða að einhliða yfirlýsingar hafi litið dagsins ljós af hálfu SSSK, feli ekki í sér að samúðarvinnustöðvunin teljist brjóta gegn áður greindu skilyrði um tilgang

samúðarverkfalls. Sérkjarasamningurinn frá 2006, ásamt því sem á eftir hafi fylgt, staðfesti að samningsforræðið um störf félagsmanna stéttarfélagsins, sem starfi hjá aðildarfélögum SSSK, sé hjá Eflingu-stéttarfélagi og SSSK og séu þau lögformlegir samningsaðilar um kaup og kjör þeirra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags sem standi að samúðarvinnustöðvuninni. Eðli máls samkvæmt muni slík vinnustöðvun skapa aukinn þrýsting á Reykjavíkurborg að gera kjarasamning, enda sé það einn tilgangur samúðarvinnustöðvana.

32 Stefndi kveður niðurstöðu kjaraviðræðna Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar geta haft óbein áhrif á kjör þeirra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags sem starfi hjá aðildarfélögum SSSK í ljósi tilhögunar samningamála milli Eflingar-stéttarfélags og SSSK. Það leiði hins vegar ekki til þess að samúðarvinnustöðvunin teljist þegar af þeirri ástæðu ólögmæt. Líkt og stefnandi bendi réttilega á, hafi Efling-stéttarfélag ekki sett fram kröfugerð gagnvart SSSK og því sé ekki og geti ekki verið um það að ræða, að félagsmenn Eflingar-stéttarfélags sem starfi hjá aðildarfélögum SSSK boði til samúðarvinnustöðvunar í því skyni að ná fram sínum eigin kröfum. Niðurstaða kjaraviðræðna Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar hafi ekki sjálfkrafa áhrif á samning Eflingar-stéttarfélags og SSSK. Vísar stefndi í þessu sambandi til dóms Félagsdóms í málinu nr. 7/1997.

33 Um lagarök vísar stefndi til ákvæða laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hann byggir málskostnaðarkröfu sína á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. gr. og 130. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um virðisaukaskatt er byggð á ákvæðum laga nr. 50/1988 en stefndi kveðst ekki reka virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Niðurstaða

34 Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

35 Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 er stéttarfélögum heimilt að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt lögunum með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum. Í samræmi við framangreindan áskilnað um tilgang verkfalla stéttarfélaga er þess krafist í 3. mgr. 15. gr. laganna að viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara. Eðli málsins samkvæmt á það skilyrði þó aðeins við þegar vinnustöðvun miðar að því að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, sbr. 16. gr. laganna, sem kveður á um að tilkynna beri sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, með ákveðnum fyrirvara um verkfall sem boðað er til í þeim tilgangi, en ekki þegar stéttarfélag boðar til verkfalls til verndar rétti sínum samkvæmt lögunum.

36 Í 17. gr. laga nr. 80/1938 er því jafnframt lýst hvenær óheimilt er að hefja vinnustöðvun. Samkvæmt 3. tölulið greinarinnar er meðal annars óheimilt að hefja vinnustöðvun til styrktar félagi sem hefur hafið ólögmæta vinnustöðvun. Með gagnályktun frá ákvæðinu

hefur í dómaframkvæmd Félagsdóms verið fallist á að heimilt sé að hefja vinnustöðvun til styrktar félagi sem hefur hafið lögmætt verkfall. Taka reglur II. kafla laganna þá til slíkra samúðarverkfalla eftir því sem við á. Um þetta má m.a. vísa til dóma Félagsdóms frá 14. febrúar 1941 (Fd. I:130), 16. júní 1975 (Fd. VII:192) og 2. júní 1997 (Fd. XI:67).

- 37 Samúðarvinnustöðvun felur í sér frávík frá því sem mælt er fyrir um í 14. gr. laganna um tilgang verkfalla. Vegna framangreindra fyrirmæla í 14., 15. og 16. gr. laganna verður að liggja skýrt fyrir að slík vinnustöðvun sé ekki gerð til að vinna að breytingum á kaupum og kjörum þeirra sem að samúðarvinnustöðvun standa, heldur einungis til stuðnings félagi sem er í lögmættu verkfalli. Um það má m.a. vísa til framangreindra dóma Félagsdóms frá 16. júní 1975 (Fd. VII:192) og 2. júní 1997 (Fd. XI:67). Í síðargreinda málinu var fallist á að samúðarvinnustöðvun væri lögmæt enda gat niðurstaða í vinnudeilu sem aðalverkfall laut að ekki leitt til breytinga á samningsbundinni skipan milli stéttarfélagsins sem boðaði til samúðarvinnustöðvunar og viðkomandi atvinnurekanda „samkvæmt beinum samningsákvæðum“. Var þá vísað til þess að stéttarfélagið hafði nýlega gert kjarasamning þar sem engin ákvæði voru sem gátu veitt meiri kauphækkanir á samningstímabilinu en þar var beinlínis kveðið á um þótt aðrir hópar launfólks auðnuðust að ná þeim fram.
- 38 Í því máli sem hér er til umfjöllunar er aðstaðan önnur. Hið stefnda stéttarfélag fer með samningsfyrirsvar fyrir félagsmenn sína sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum stefnanda, Samtaka sjálfstæðra skóla. Af framlögðum gögnum verður ráðið að gerður hafi verið sérkjarasamningur milli þessara aðila árið 2006 sem í aðalatriðum vísaði til þágildandi kjarasamnings stéttarfélagsins við Reykjavíkurborg með ákveðnum frávikum. Ekki voru í samningnum bein ákvæði um gildistíma eða uppsögn hans. Ágreiningslaust er að sömu aðilar gerðu með sér samkomulag um ákveðnar breytingar á gildandi kjörum árið 2009 en lýstu því jafnframt yfir að þeir væru sammála um að hefja vinnu við gerð heildarkjarasamnings. Af því virðist þó ekki hafa orðið, heldur hefur stefnandi, Samtök sjálfstæðra skóla, gefið út yfirlýsingar um kjör félagsmanna stefnda, síðast 17. desember 2015, er gildi frá 1. maí sama ár til 31. mars 2019. Þar skuldbundu aðildarfyrirtæki stefnanda sig einhliða til þess að hækka launataxta í samræmi við launatöflur í kjarasamningi hins stefnda stéttarfélags og Reykjavíkurborgar frá 13. nóvember 2015.
- 39 Í ljósi þess hvernig aðilar hafa samkvæmt framansögðu hagað samningsfyrirsvari sínu um kjör félagsmanna stefnda, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum stefnanda, er augljóst að niðurstaða í vinnudeilu stéttarfélagsins við Reykjavíkurborg getur haft áhrif á kaup og kjör þeirra, sem hyggjast leggja niður störf hjá aðildarfyrirtækjum stefnanda í samúðarvinnustöðvun, eins og verið hefur a.m.k. síðast liðin fjórtán ár. Þá virðist beinlínis við það miðað af hálfu stefnda að svo verði áfram. Um það vitnar beiðni af hálfu stéttarfélagsins til stefnanda um samkomulag aðila í tengslum við endurskoðaða viðræðuáætlun stéttarfélagsins við Reykjavíkurborg. Fól hún meðal annars í sér friðarskyldu og eingreiðslu, sem nefnd er „innágreiðsla“, á gildistíma viðræðuáætlunar. Í beiðninni skírskotar stefndi til þess að einkareknir leikskólar „hafi fylgt samningi við

Reykjavíkurborg“. Með yfirlýsingu 15. júlí 2019 féllst stefnandi á slíka innágreiðslu. Þá endurspegla tilvitnuð ummæli formanns stéttarfélagsins á heimasíðu þess 21. febrúar síðast liðinn þau áform að félagsmenn stefnda, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum stefnanda, fái sömu leiðréttingar á kjörum sínum og þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

- 40 Í þessu ljósi verður að leggja til grundvallar að tilgangur boðaðrar samúðarvinnustöðvunar hjá aðildarfyrirtækjum stefnanda sé í raun að vinna að breytingum á kaupum og kjörum þeirra sem að samúðarvinnustöðvuninni standa. Hefur það verið gert án þess að hið stefnda stéttarfélag hafi sett fram kröfur á hendur stefnanda og viðræður átt sér stað um þær. Ekki er unnt að fallast á að vinnustöðvun, sem boðuð er í þessum tilgangi, fái stoð í gagnályktun frá 3. tölulið 17. gr. laga nr. 80/1938. Því er fallist á með stefnanda að fyrirhuguð vinnustöðvun sé ólögmæt. Af þeim sökum verður krafa stefnanda tekin til greina eins og í dómsorði greinir. Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, er stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur.

Dómsorð:

Viðurkennt er að boðað, ótímabundið samúðarverkfall stefnda, Eflingar-stéttarfélags, vegna félagsmanna sem starfa hjá skólum innan stefnanda, Samtaka sjálfstæðra skóla, og koma á til framkvæmda 9. mars 2020, sé ólögmæt.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Sératkvæði

Guðna Á. Haraldssonar

- 1 Boðað samúðarverkfall stefnda Eflingar-stéttarfélags, vegna félagsmanna þess er starfa hjá skólum sem aðild eiga að Samtökum sjálfstæðra skóla (SSSK), á samkvæmt boðun þess að vera til stuðnings kröfum félagsmanna Eflingar-stéttarfélags er starfa hjá Reykjavíkurborg.
- 2 Fyrir liggur í máli þessu að stefndi, Efling-stéttarfélag, hefur ekki sett fram sjálfstæðar kröfur um breytingar á launakjörum þeirra félagsmanna þess sem starfa hjá þeim skólum er tilheyra SSSK og leggja eiga niður vinnu í samúðarverkfalli því er um ræðir.
- 3 Af gögnum málsins má glöggst sjá að það hefur tíðkast að launakjör þessara félagsmanna Eflingar-stéttarfélags taki sömu breytingum og um er samið í kjarasamningi þess við Reykjavíkurborg. Þannig liggur fyrir yfirlýsing frá aðildarfyrirtækjum SSSK frá 17. desember 2015 þess efnis að um launakjör starfsmanna skuli fara samkvæmt launatöflum í kjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar. Yfirlýsing þessi náði allt fram til 31. mars 2019. Þá liggur fyrir önnur yfirlýsing frá 15. júlí 2019 þar sem stefnandi SSSK lýsir því yfir að samtökin muni greiða starfsmönnum, sem eru

félagar í Eflingu-stéttarfélagi, innágreiðslu vegna áætlaðra launabreytinga í tengslum við frestun á kjarasamningsviðræðum.

- 4 Eiginlegum kjarasamningi er hins vegar ekki til að dreifa milli Eflingar-stéttarfélags og SSSK.
- 5 Af hálfu stefnanda er á því byggt að stéttarfélög megi ekki boða til samúðarverkfalla ef með þeim er reynt að hafa áhrif á skipan kjaramála hjá þeim sem samúðarverkföllin beinast gegn. Þar sem fyrir liggja að félagsmenn stefnda, Eflingar-stéttarfélags, sem starfa hjá stefnanda SSSK fái allar þær launahækkanir sem um semst milli Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar sé samúðarverkfallið í raun verkfall sem eigi að hafa áhrif á kaup og kjör þeirra sem starfa hjá skólum innan SSSK. Þá hafi félagið heldur engar kröfur sett fram um kjarabreytingar fyrir þessa félagsmenn sína sem vinna í nefndum skólum né hafi formlegar viðræður hafist um gerð kjarasamnings. Þannig sé farið á svig við þær grunnreglur er gilda um gerð kjarasamninga og skilyrði fyrir lögmæti vinnustöðvana.
- 6 Í ljósi þeirra tengsla sem verið hafa um launaákvæðanir milli félagsmanna stefnda er starfa hjá Reykjavíkurborg og skólum innan SSSK er því ekki neitað af stefnda að kjaraviðræður Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar geti haft óbein áhrif á kjör þeirra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags sem starfa hjá aðildarfélögum SSSK. Stefndi byggir hins vegar á því að niðurstaða í kjaraviðræðum Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar hafi ekki sjálfstæð og bein áhrif á samning Eflingar-stéttarfélags við SSSK.
- 7 Samúðarverkföll eru samkvæmt dómaframkvæmd heimil á Íslandi, sbr. dómur Félagsdóms í málinu nr. 1/1941 (FD I:130). Samúðarverkfall hefur verið skilgreint þannig að það sé vinnustöðvun til stuðnings lögmætri vinnustöðvun annars félags sem eigi í deilu um kaup og kjör. Það hefur verið talið skilyrði samúðarverkfalls að því sé ekki ætlað að hafa áhrif á samningsbundna skipan mála milli þess aðila sem að verkfallinu stendur og þess sem verkfallið verður að þola. Þeir sem fara í samúðarverkfall eru þannig ekki að ná fram sínum eigin kröfum heldur kröfum annarra. Því er í raun um stuðningsaðgerð að ræða.
- 8 Það er mat dómara þessa sératkvæðis að ekki sé útilokað að þær kjarabreytingar sem um semst milli Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar geti skila sér til félagsmanna Eflingar-stéttarfélags sem vinna hjá skólum innan SSSK. Þetta byggir dómariinn á þeim samningum og yfirlýsingum sem fyrir liggja milli aðila. Þannig er ekki útilokað að samúðarvinnustöðvun þessara félagsmanna Eflingar-stéttarfélags geti haft áhrif á þær kjarabreytingar sem þeim stendur endanlega til boða. Dómari þessa sératkvæðis tekur hins vegar undir það með stefnda að það er ekki sjálfsgefið að svo verði meðan kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar liggur ekki fyrir. Fullyrðingar um slíkt eru í raun byggðar á getgátum.

- 9 Þá er heldur ekki fyrir að fara beinum samningsákvæðum milli Eflingar-stéttarfélags og SSSK sem tryggja félagsmönnum stefnda er starfa hjá skólum innan SSSK slíkan rétt.
- 10 Kemur þá til skoðunar hvort slík samúðarvinnustöðvun sé á þessum forsendum ólögmat. Heimild til samúðarvinnustöðvana má leiða af gagnályktun út frá 3. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þannig fjalla lögin ekki beinlínis um skilyrði sem gilda um samúðarvinnustöðvanir. Skilyrði um að samúðarvinnustöðvun megi ekki boða til þess að hafa áhrif á launakjör þeirra sem að henni standa er þannig ekki lögbundið heldur helgast af friðarskyldu þeirri sem er til staðar á gildistíma kjarasamnings. Þannig eru samúðarverkföll heimil jafnvel þótt í gildi sé kjarasamningur um kjör þeirra sem leggja niður vinnu, svo fremi sem með því samúðarverkfalli sé ekki ætlunin að ná fram breytingum á kjörum þeirra sem að samúðarverkfallinu standa. Í þessu máli liggur það fyrir að ekki er í gildi kjarasamningur um kjör félagsmanna Eflingar-stéttarfélags við SSSK. Þá er óumdeilt milli aðila að Eflingar-stéttarfélag hefur ekki sett fram kröfur á hendur SSSK um breytingar á kjörum félagsmanna sinna.
- 11 Réttur launþega til þess að fella niður vinnu er stjórnarskrárvarinn, sbr. dómur Hæstaréttar í málinu nr. 167/2002. Slíkan rétt má aðeins skerða með lögum. Eflingar-stéttarfélag hefur ekki sett fram neinar kröfur á hendur SSSK líkt og á við um Reykjavíkurborg. Meðan svo er getur samúðarverkfall Eflingar-stéttarfélags ekki talist hefðbundið verkfall heldur stuðningsaðgerð. Sú staðreynd að kjarabreytingar sem um verður samið milli Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar geti hugsanlega skilað sér til félagsmanna Eflingar-stéttarfélags er vinna hjá skólum innan SSSK upphafur ekki lögbundinn stjórnarskrárvarinn rétt félagsmanna Eflingar-stéttarfélags til þess að boða samúðarvinnustöðvun.
- 12 Það er þannig álit dómara þessa sératkvæðis að boðað samúðarverkfall Eflingar-stéttarfélags sem ná á til starfsmanna skóla innan SSSK hafi verið boðað í lögmatum tilgangi. Það feli í sér stuðningsaðgerð við áður boðað lögmætt verkfall Eflingar-stéttarfélags hjá Reykjavíkurborg og sé því í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur. Stefndi er því sýkn af kröfum stefnanda.

Arnfríður Einarsdóttir

Ásmundur Helgason

Guðni Á. Haraldsson

Ólafur Eiríksson

Eva Dís Pálmadóttir